



Samstarf um rekstur samkomu- og íþróttahússins Stað á Eyrarbakka

Sveitarfélagið Árborg, kt:650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Bakkafeðgar ehf. kt:570918-0440 og Elín Birna Bjarnfinnsdóttir kt. 020973-3829, hér eftir nefndir rekstraraðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

1.gr.

Rekstraraðilar taka að sér að annast daglegan rekstur og útleigu á samkomu- og íþróttahúsinu Stað á Eyrarbakka. Í daglegum rekstri felst m.a. yfirumsjón og eftirlit með húsnæðinu, samstarf um upplýsingamiðstöð yfir sumartímann, setja upp fána á stöng við Stað á hátíðisdögum, þrif og minni viðhaldsverk. Í minni viðhaldsverkum felst t.d. hurðahúnar, lamir, snagar, speglar, stakar flísaskemmdir, rafmagnstenglar, stíflur í vaski, niðurföllum og/eða klósetti, yfirferð á loftræstingu og hitagjöfum sem og önnur verk sem telja má sem smáviðgerðir.

Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er starfrækt í anddyrinu á Stað frá byrjun júní út miðjan ágúst ár hvert frá kl. 9:00 – 18:00 alla virka daga. Rekstraraðilar sjá um viðveru frá kl. 9:00 – 13:00 en starfsmenn vinnuskóla Árborgar frá kl. 13:00 – 18:00.

Rekstraraðilar taka að sér klefagæslu fyrir íþróttatíma barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) sem haldnir eru á Stað. Í klefagæslunni felst að húsnæðið sé opið þegar skólahópar koma og að starfsmaður fylgist með í búningsklefum og grípi inn í ef þess þurfi. Samið er við íþróttakennara hverju sinni um að sinna gæslu í sínum klefa (fer eftir kyni) en rekstraraðilar sjá um hinn klefann.

2.gr.

Rekstraraðilum er heimilt að leigja út tíma í íþróttasal hússins sem og minni sal á 2.hæð til þriðja aðila eins og það kýs og hirða tekjur vegna þess enda skarast slík útleiga ekki við þá tíma sem Árborg ráðstafar í húsinu til afnota fyrir grunnskóla, íþróttafélaga, vegna kosninga, borgarafunda, hátíðarhalda (sjómannadagur, 17.júní og jólaskemmtun) eða annarra viðburða á vegum sveitarfélagsins sem skipuleggjast í sameiningu við rekstraraðila. Tekjur og gjöld sem stafa af þessari útleigu eru á ábyrgð rekstraraðila að öllu leyti.

Íþróttafélög sem æfa á Stað geta í samráði við rekstraraðila fengið lykil að húsnæðinu (sbr. 3gr.) í tengslum við æfingar enda séu að lágmarki tveir þjálfarar í húsinu með hópunum.

3.gr.

Rekstraraðilum er ekki heimilt að fjárskuldbinda Sveitarfélagið Árborg í tengslum við reksturinn nema að fengnu samþykki þar til bærri aðila. Ekki skal dreifa lyklum að húsinu til einstaklinga að óþörfu. Þjálfarar, kennarar, starfsmaður eignadeildar Árborgar og deildastjóri menningar- og frístundaeildar hafa lykil að húsnæðinu enda geta þeir lent í því að þurfa að opna eða loka húsinu. Starfsmenn upplýsingamiðstöðvarinnar hafa einnig lykil tímabundið meðan hún er starfrækt.

4.gr.

Leitast skal við að halda húsinu sem snyrtilegustu og skal lagt fram þrifaplan fyrir húsið á hverju hausti til menningar- og frístundaeildar sem síðan verði fylgt. Við samningslok skulu rekstraraðilar skila húsnæðinu af sér hreinu og þrifalegu.

5.gr.

Náið samráð skal vera milli rekstraraðila og formanns Umf. Eyrarbakka, formanns kvenfélags Eyrarbakka, skólastjórnenda Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri sem og við Árborg og aðra þá sem leigja eða nýta húsnæðið. Tengiliðir rekstraraðila eru Ingólfur Hjálmarsson og Elín Birna Bjarnfinnsdóttir.

6.gr.

Allar skemmdir á húsnæðinu skal tilkynna eins fljótt og kostur er til Eignadeildar Árborgar. Tengiliðir Árborgar eru Óðinn Andersen, odinn@arborg.is eða Bragi Bjarnason, bragi@arborg.is. Skemmdir sem verða á húsnæðinu af völdum rekstraraðila eða þriðja aðila sem leigir húsið af rekstraraðilum skal bæta að fullu nema um annað sé samið.

Óskir um almennar úrbætur á húsnæðinu þar sem kostnaður fellur á Árborg skal leggja fram fyrir 1.september ár hvert ásamt skriflegri greinargerð þar að lútandi. Samningsaðilar eru sammála um að geta samið sérstaklega um ákveðna viðhaldspætti og gerð verði viðhaldsáætlun fyrir húsnæðið.

7.gr.

Fyrir þá rekstrarþætti sem talað er hér á undan greiðir Árborg kr. 3.700.000- sem greiðast mánaðarlega til helminga á báða rekstraraðila, sjá fylgiskjal 1 og 2. Búnaður sem keyptur er fyrir húsið af rekstrarfénu telst eign hússins (Árborgar). Þarna er t.d. átt við hreinlætisvörur o.fl. Árið 2019 kemur inn greiðsla vegna viðbótarþrifa rekstraraðila við upphaf samningstíma, sjá fylgiskjal 1.

Hækkun á samningi tekur mið af vísitölu neysluverðs sem er 469,8 stig í júní 2019 og hækkar

8.gr.

Samningur þessi gildir frá 1.júní 2019 til 31.maí 2022. Báðir aðilar eru sammála að um farið verði yfir samninginn árlega í september.

Uppsagnarfrestur á samningi þessum fyrir báða aðila er 3 mánuðir. Uppsögn skal bersast skriflega. Möguleiki er að framlengja samninginn um tvö ár og skal slíkt ákveðið fyrir 1.mars 2022 svo framarlega sem Árborg haldi áfram þessu rekstrarformi. Við upphaf samnings skal liggja fyrir stöðumat á húsnæðinu og eignalisti á húsmunum.

9. gr.


Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefni einn mann í dóminn en sýslumaðurinn á Selfossi tilnefni oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

10. gr.

Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi tveimur mánuðum eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.


Selfossi, 10.júlí 2019.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar




Gísi H. Halldórsson
Bæjarstjóri Sv. Árborgar

F.h. Rekstraraðila



Elín Birna Bjarnfinnsdóttir,



Ingólfur Hjálmarsson

Vottar:

Heiðir Póli Kjartan 050172-3099
